

Stöð 2
Fréttir 18:30

Fréttamaður: Ásgeir Erlendsson
Tími: 00:02:24

Segir framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda fara með rangt mál

Landbúnaðarráðherra segir alrangt að stjórnvöld séu ekki að framfylgja dómi Hæstaréttar um ólögmati útboðsgjalds fyrir tollkvóta á innfluttum matvörum. Hann skilji ekki hvað framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda gangi til með að halda röngum upplýsingum að fólki.

Félag atvinnurekenda kynnti í gær skýrslu þar sem bent er á leiðir sem hægt er að fara þegar kemur að úthlutun tollkvóta fyrir búvörur líkt og fram kom í fréttum okkar í gær. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sagði núverandi fyrirkomulag ganga gegn hagsmunum neytenda og benti á Ísland og Noregur væru einu ríkin innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem bjóða út tollkvóta fyrir innfluttar landbúnaðarvörur. Hann sagði jafnframt að íslenska ríkið hafi ekkert gert til að bregðast við dómi Hæstaréttar sem féll í janúar, þar sem íslenska ríkið var gert að greiða þremur fyrirtækjum rúmar fimm hundruð milljónir króna fyrir útboðsgjald vegna tollkvóta sem félögin greiddu í ríkissjóð. Það var niðurstaða Hæstaréttar að útboðsgjaldið væri ólöglegt, þar sem það væri í andstöðu við 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Landbúnaðarráðherra segir málflutning Ólafs alrangan.



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra: Vegna þess að hálfu ári áður en að dómurinn féll þá höfðum við brugðist við þessu. Þannig að það er bara í rauninni ein leið núna löggjafinn var sem sagt búinn að bregðast við áður en dómur féll.

Gunnar segir stjórnvöld hafa brugðist við með þeim hætti að val um leiðir hafi verið felld úr gildi og nú sé því einungis ein leið í boði.

Gunnar Bragi Sveinsson: Það er þessi uppboðsleið sem að er að minnsta kosti sex ríki líklega nota, þar á meðal Noregur og Sviss og Kanada hefur lýst yfir að þeir ætli að nota þessa aðferð líka. Þannig að þetta er allt rangt sem að framkvæmdastjóri atvinnurekenda hefur lýst yfir. Líka það að við séum að fara gegn ESB samningnum eða samningnum við Evrópusambandið, þetta er líka rangt. Ég skil ekki hvað Ólafi Stephensyni gengur til að halda svona röngum upplýsingum að fólki.

Hann segir leiðir skýrsluhöfunda ekki endilega leiða til lægra verðs fyrir neytendur.

Gunnar Bragi Sveinsson: Ef við förum til dæmis út í það að láta menn fá tollkvóta samkvæmt reynslu eins og einhverjum dottið til hugar, þá vitum við það bara 70 prósent af öllum tollkvótum lenda hjá Högum. Það þarf engin að segja mér það að þeir muni skila því til neytenda.

Hann segir margt hafa verið gert til að bæta fyrirkomulagið, en bendir á að OECD mæli með núverandi leið.

Gunnar Bragi Sveinsson: Og við höfum þess vegna ákveðið að fara hana. Það er hins vegar ýmislegt, það þarf kannski að vinna með hana, hafa fleiri



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

uppboð, skipta þessu eða gera þetta oftár á ári eða eitthvað slíkt. En við höfum algjörlega brugðist við þessu og ég held að þeir í Félagi atvinnurekenda geti ekki kvartað yfir því.



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is